

# HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

58

MORGUNBLAÐIÐ, FÖSTUDAGUR 30. MARZ 1984

## LEIKLIST



LR:

### Hart í bak og Forsetaheimsóknin í síðasta sinn

Leikfélag Reykjavíkur sýnir í kvöld leikritið Gísl eftir Brendan Behan og er uppselt á sýninguna. Á morgun, laugardagskvöld, verður sýning á bandaríska leikritinu Guð gaf mér eyra, eftir Mark Medoff. Í aðalhlutverkum eru þau Berglind Stefánsdóttir og Sigurður Skúlason.

Á laugardagskvöld verður einnig enn ein aukasýning á gamanleiknum Forsetaheimsókninni, sem sýndur er á miðnætursýningu í Austurbæjarbíói. Leikrit Jökuls Jakobssonar, Hart í bak, verður síðan sýnt í lönó á sunnudagskvöld og er það 50. og síðasta sýning. Í stærstu hlutverkum þar eru Soffía Jakobsdóttir, Jón Sigurbjörnsson, Kristján Franklín Magnús og Edda Heiðrún Bachman.



## Borgarnes:

### Dúfnaveislan

Leikdeild UMF Skallagríms í Borgarnesi hefur að undanförunu sýnt leikrit Halldórs Laxness, Dúfnaveisluna, í leikstjórn Kára Halldórs. Leikritið verður sýnt í síðasta sinn á laugardagskvöld og er sýningin í Samkomuhúsinu í Borgarnesi. Boðið er upp á svokallaða „Nýlagaða borgfirsku blöndu“, ferð frá Reykjavík þar sem gíst og dansað er á hótelinu og farið á leikritið.



## Þjóðleikhúsið:

### Tómasarkvöld



Í Þjóðleikhúsinu verða tvær sýningar, í kvöld og á laugardagskvöld, á leikriti Bertold Brechts, Sveyk í seinni heimsstyrjöldinni, með söngvum eftir Hans Eisler. Með hlutverk Sveyk fer Bessi Bjarnason, en leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir og hljómsveitarstjóri Jón Hlökkver Áskelsson.

Amma þól, barnaleikrit Olgu Guðrúnar Árnadóttur, verður á sunnudag kl. 15.00. Gamanleikurinn Skvaldur, eftir Michael Frayn, verður sýndur í 50. og allra síðasta sinn á sunnudagskvöld kl. 20.00. Leikstjóri er Jill Brooke Arnason, en níu leikarar koma fram í leiknum.

Tómasarkvöld nefnist dagskrá sem frumsýnd verður á Litla sviðinu á sunnudagskvöld. Dagskráin byggir á ljóðum og æviatriðum Tómasar Guðmundssonar skálds og hefur Herdís Þorvaldsdóttir umsjón með henni. Auk Herdisar koma sex leikarar fram í dag-



Verk eftir fjórmenningana. Talið að ofan f.v. Þór Vigfússon, Rúrí, Rúna Þorkelsdóttir og Ívar Valgarðsson.



## Kjarvalsstaðir:

### Samsýning fjögurra listamanna

LISTAMENNIRNIR Ívar Valgarðsson, Rúna Þorkelsdóttir, Þór Vigfússon og Rúrí sýna nú verk sín á Kjarvalsstöðum, bæði í Vestursal hússins og í Kjarvalssal. eru á sýningunni verk unnin með blandaðri tækni, málverk, teikningar, skulptúr og lágmyndir. Fjórmenningarnir hafa allir stundað nám í Mynd-

lista- og handiðaskóla Íslands og síðar við Listakademíur erlendis. Þá eiga þau öll að baki einkasýningar og samsýningar, innan lands sem utan, á síðastliðnum 10 árum.

Sýningin verður opin um helgina frá kl. 14.00-22.00, en henni lýkur nk. sunnudag.

skránni, auk hljóðfæraleikara. Létt máltíð er innifalin í dagskránni.

LA:

### Súkkulaðið í síðasta sinn

Leikfélag Akureyrar sýnir leikritið Súkkulaði handa Silju, eftir Nínu Björk Árnadóttur, í síðasta sinn um helgina. Sýnt verður að vanda í Sjallanum og verða sýningarnar í kvöld og á sunnudagskvöld kl. 20.30. Leikstjóri er Haukur J. Gunnarsson.

## TÓNLIST



Akranes:

### Spænsk gítar-tónlist

Gítarleikarinn Simon H. Ívarsson heldur tónleika í Fjölbautaskólanum á Akranesi nk. sunnudag kl. 15.00. Á efnisskránni eru spænsk klassísk verk og flamenco-tónlist, en sú tónlist hefur ekki verið skrifuð á nótur, heldur borist frá manni til manns í gegnum tíðina. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við áhugafólk um lífandi tónlist.

## Íslenska óperan:

### Nóaflóðið og Rakarinn

Íslenska óperan sýnir í kvöld óperu Rossinis, „Rakarinn í Sevilla“, gamanóperu í tveimur þáttum, kl. 20.00 og verður hún einnig sýnd á sama tíma á sunnudagskvöld. Barna- og fjölskylduóperan „Órkin hans Nóa“ eftir Benjamin Britten verður síðan sýnd á sunnudag kl. 15.00.

## MYNDLIST

### Nýlistasafnið:

#### Verk Helmut Federles

Í Nýlistasafninu við Vatnssstíg stendur nú yfir sýning svissneska listamannsins Helmut Federles. Á sýningunni eru teikningar frá sl. fimm árum, auk bókverka.

Helmut Federle hefur sýnt verk sín víða erlendis og á hann myndir á helstu söfnum í heimalandi sínu. Undanfarin ár hefur hann búið í New York og unnið að stórrí myndaröð fyrir borgina þar. Federle er nú gestakennari við Myndlista- og handiðaskóla Íslands.

### Norræna húsið:

#### Keramik

Í anddyri Norræna hússins sýnir nú dansk-íslenski listamaðurinn Snorre Stephensen nytjalist. eru það ýmiskonar keramikmunir til daglegra nota, tesett, vasar, skálar og fleira. Sýningin stendur til 8. apríl.

### Hafnarborg:

#### Málverk Gunnars Á. Hjaltasonar

Í Hafnarborg, menningar- og listastofnuninni í Hafnarfirði, stendur nú yfir sýning á málverkum listmálarans Gunnars Á. Hjaltasonar.

Sýningin er 24. einkasýning Gunnars, en hann á auk þess fjölda samsýninga að baki frá því að verk hans voru sýnd í fyrsta sinn, árið 1964. Gunnar stundaði gullsmíðanám hjá Guðmundi Guðnasyni og Leifi Kaldal. Teiknánám stundaði hann hjá Birni Björnssyni og Marteini Guðmundssyni og í Handiðaskólanum. Sýningin í Hafnarborg verður opin til 8. apríl.

### Listasafn Íslands:

#### Edvard Munch

Í Listasafni Íslands stendur yfir sýning á grafíkverkum norska málara Edvard Munch, sem eru í eigu safnsins. eru þar sýndar 17 myndir, unnar með margskonar

grafíktækni s.s. steinprenti, ætíngi, purnál og tréristu. 14 myndanna voru gefnar af Christian Gierlöff, rithöfundur og nánur vini málara, auk þess sem Ragnar Moltzau, útgerðarmaður, gaf safninu þrjár myndir 1951.

Sýningin er opin á venjulegum opunartíma safnsins, laugardaga, sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13.30—16.00.

### Akureyri:

#### Listkynning

Í Alþýðubankanum á Akureyri stendur nú yfir listkynning á verkum Sigurðar Kristjánssonar. Að kynningunni standa Alþýðubankinn og Menningarsamtök Norðlendinga.

### Gallerí glugginn:

#### Verk Kristjáns E. Karlssonar

Verk Kristjáns E. Karlssonar eru nú til sýnis í Gallerí glugganum, nýju gallerí á horni Vesturgötu og Garðastrætis. Sýningin er nokkuð sérstæð þar sem galleríið er þannig gert að sýningargestir skoða verkin inn um glugga á húsinu Garðastræti 2.

### Sólheimar:

#### Myndir Guðmundar Ófeigssonar, síðasta sýningarhelgi

Í Sólheimum í Grímsnesi stendur yfir sýning á myndum og teikningum Guðmundar Ófeigssonar. eru þar sýndar um 100 vatnslitamyndir og 40 teikningar. Sýningunni lýkur eftir helgina.

Guðmundur, sem nú dvelur á ellilheimili, var mörg sumur í Sólheimum og er hluti myndanna á sýningunni frá þeim tíma, m.a. eru margar myndir af Heklu.

### Listasafn ASÍ:

#### Sjónarhorn

Í Listasafni ASÍ við Grensásveg stendur nú yfir sýning á pastel- og

vatnslitamyndum Vilhjálms G. Vilhjálmssonar, sem ber heitið „Sjónarhorn“.

Vilhjálmur G., sem er formaður Félags heyrnarlausra, stundaði nám í Myndlista- og handiðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan úr auglýsingadeild árið 1977. Hann hefur einnig stundað myndlistarnám hjá Ragnari Kjartanssyni, Hring Jóhannessyni, Hannesi Flosasyni og í Myndlistarskóla Reykjavíkur.

Sýningin í Listasafni ASÍ er opin frá kl. 14.00—22.00 um helgar og frá kl. 16.00—22.00 alla virka daga.

## Mosfellssveit:

### Myndir Bjargar Atladóttur, síðustu sýningardagar

Í Héraðsbókasafni Kjósarsýslu, Markholti 2, Mosfellssveit, hefur undanfarin vikur staðið yfir kynning á verkum Bjargar Atladóttur, myndlistarmanns, og lýkur kynningunni á morgun, laugardag. Á kynningunni eru myndir, aðallega gerðar með blandaðri tækni, sáld- og skapalónsbrykki.

Kynningin verður opin í dag, föstudag, frá kl. 13.00—20.00 og á morgun, laugardag, frá kl. 14.00—18.00, þegar henni lýkur.

## Gallerí íslensk list:

### Verk Gunnars Arnar

Í Gallerí íslensk list á Vesturgötu 17 stendur nú yfir sýning á verkum Gunnars Arnar Gunnarssonar. Á sýningunni, sem er 15. einkasýning Gunnars Arnar, eru vatnslita- og monotypmyndir.

Sýningin er opin um helgina frá kl. 14.00—17.00 og frá kl. 9.00—17.00, en henni lýkur á sunnudag.

## Kjarvalsstaðir:

### Höggmyndir Sæmundar Valdimarssonar

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á verkum Sæmundar Valdimarssonar og lýkur henni nú um helgina. Á sýningunni eru 18 verk sem Sæmundur hefur unnið úr rekavið og steinum.

Verkin á sýningunni eru unnin á undanförunum árum, en Sæmundur hefur áður sýnt verk sín í Gallerí SÚM, á Kjarvalsstöðum og í matsal Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi, þar sem hann starfar.

## Ísafjörður:

### Textill í bókasafninu

Í bókasafninu á Ísafirði stendur nú yfir sýning á textilverkum Sigurlaugar Jóhannessdóttur, en hún er kennari við Myndlista- og handiðaskóla Íslands. eru á sýningunni, sem er söfusýning, 12 verk unnin úr hrosshári.

Sýningin verður opin á venjulegum afgreiðslutíma safnsins fram til 3. apríl.

## Listmunahúsið:

### Afmælissýning Valtýs Péturssonar

Í Listmunahúsinu við Lækjargötu er nú sýning á verkum Valtýs Péturssonar, sem haldin er í tilefni 65 ára afmælis listmálarans. Á sýningunni eru 66 gouache-myndir